

Alþingi  
Erindi nr. P 131/546  
komudagur 7.12.2004

## Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

### Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd  
Sendandi: Viðskiptaráðuneyti  
Dagsetning: 7. desember 2004  
Málsnúmer: IVR04090059  
Bréfalykill: 52.010

Efni: Tillaga að breytingu á frumvarpi til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum - mál 212

Að höfðu samráði við Fjármálaeftirlitið gerir viðskiptaráðuneytið tillögu um breytingu á frumvarpinu. Athugasemd Fjármálaeftirlitsins laut að því að heimild eftirlitsins til að setja almenn leiðbeinandi tilmæli snýr einungis að eftirlitsskyldum aðilum en ekki öðrum þeim aðilum sem kynnu að annast færslur fjármuna yfir landamæri. Því væri rétt að setja heimild til reglusetningar í lögin svo að ljóst væri að reglurnar giltu um alla aðila sem önnuðust færslu fjármuna yfir landamæri.

Þar sem sú vinnuregla hefur verið viðhöfð í lagasetningu um fjármálamarkaðinn á undanförunum árum að Fjármálaeftirlitið setji tæknilegar reglur um starfsemi eftirlitsskyldra aðila en viðskiptaráðuneytið setji reglugerðir sem taki til fleiri en eftirlitsskyldra aðila er lagt til að í frumvarpið verði sett ný 2. gr með heimild fyrir ráðherra til setningar reglugerðar, svohljóðandi: „Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerð um greiðslur yfir landamæri í evrum.“

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þá kæmu fram í reglugerð verklagsreglur um kvartanir eða málskot til að jafna deilur milli aðila.

*Adh. ísl. leikun skilið álit út.*